

Því dæmist rétt vera:

Undirréttardómnum skal óraskað. Hinn ákærði Lárus Pálsson greiði allan af áfryjun málsins löglega leiðandi kostnað, þar með talin málsfærslulaun til hins skipaða sóknara við yfirdóminn, Jóns ritara Jónssonar 10 kr.

Dóminum að fullnægja innan 8 vikna frá lögbirtingu hans undir aðför að lögum.

Nr. 4/1881.

Jón landshöfðingjaritari Jónsson
gegn

Dr. Grími Thomsen, sem vara-
forseta Þjóðvinafélagsins.

D ó m u r:

Með dómi, kveðnum upp fyrir bæjarþingsrétti Reykjavíkur 29. aprílmán f. á., var Jón landshöfðingjaritari Jónsson dæmdur til að gjöra Dr. Grími Thomsen á Bessastöðum sem varaforseta hins íslenzka þjóðvinafélags fullreikningsskil fyrir fé því, er hann á tímabilinu frá alþingislokum 1877 til alþingisloka 1879 hefði veitt móttöku fyrir hönd nefnds Þjóðvinafélags, og skila fé því, er það enn þá kynni að eiga í vörzlum hans, og í öðru lagi til að gera grein fyrir þeim bókom félagsins, sem hann hefði tekið við og skila þeim, sem enn kynni að vera í vörzlum hans, hvorttveggja að viðlagðri 5 kr. sekt fyrir hvern þann dag, er hann léti fyrirfarast að fullnægja dóminum. Loks var hann dæmdur til að greiða Dr. Grími Thomsen 12 kr. í málskostnað. Þessi bæjarþingsdómur, er hinn stefndi hafði skotið til yfirdómsins til staðfestingar, var staðfestur með landsyfírréttardómi 19. júlímán. s. á., og var sá landsyfírréttardómur birtur hinum dómfelda sama

dag. Hinn 17. janúarmán. þ. á. fór dómhafandi þess á leit við bæjarfógetann í Reykjavík, að, með því að hinn dómfeldi ekki hefði fullnægt nefndum landsyfírréttardómi, væri að tilhlutun fógetaréttarins gjört fjárnám hjá honum fyrir dagsektum þeim, sem á væru fallnar síðan 12. septembermán. — en þann dag voru liðnar 8 vikur frá birtingu yfírréttardómsins — samtals 630 kr., sem og fyrir þeim 12 krónum, er hann eftir dóminum átti að greiða í málskostnað, og loks fyrir þeim kostnaði, er af lögtakinu leiddi. Fyrir fógetaréttinum hélt Jón landshöfðingjaritari Jónsson því fram, að hann hefði fullnægt oft nefndum landsyfírréttardómi, og mótmælti því, að fjárnámið færi fram, en með úrskurði, kveðnum upp í fógetarétti Reykjavíkur kaupstaðar 22. janúarmán. þ. á., var krafa dómhafanda tekin til greina, og síðan gjört fjárnám í ýmsum munum hjá hinum dómfelda fyrir samtals 652 kr. 40 a.

Þessari fjárnámsgjörð hefir nú Jón landshöfðingjaritari Jónsson áfrýjað til yfírdómsins með stefnu, dagsettri 8. febr. þ. á., og hefir hann krafist principaliter, að hin áfrýjaða fógetagjörð verði í heild sinni dæmd ómerk eða úr gildi feld og hinum undangengna úrskurði hrundið eða breytt á þá leið, að fjárnámsgjörðin skuli að öllu eða nokkru leyti ekki fram fara, og að þar að auki, ef yfírdómurinn álitur það nauðsynlegt, málinu verði vísað heim til nýrrar fyrirtektar í því ástandi, sem það var þegar úrskurðurinn var kveðinn upp. Enn fremur hefir hann krafist, að fjárnámsbeiðandi verði dæmdur til að greiða honum (áfrýjanda) fyrir aðför sína hæfilegar skaðabætur (Tort og Creditspilde) með 1000 kr. eða þeirri upphæð, sem rétturinn eða óvilhallir dómkvaddir menn meta, og allan af máli þessu löglega leiðandi kostnað í héraði og fyrir yfírdómi skaðlaust eða eftir mati réttarins. Hinn

stefndi hefir aftur á móti krafizt, að hin áfryjaða fógeta-gjörð verði staðfest, og að áfryjandinn verði dæmdur til að greiða allan kostnað af áfryjun málsins skaðlaust eða með einhverju nægilegu eftir réttarins mati.

Eins og að framan er á vikið hefir áfryjandinn haldið því fram, að hann hafi verið búinn að fullnægja hinum umrædda landsyfirréttardómi löngu áður en hinn stefndi beiddist fjárnáms eftir honum, með því að hann 27. septembermán. f. á. hefði látið hlutaðeigandi notarius publicus afhenda hinum stefnda reikningsskil fyrir fé því, sem hann (áfryjandinn) hefði tekið við fyrir hönd Þjóðvinafélagsins frá þinglokum 1877 til þingloka 1879, sem og grein fyrir þeim bókum nefnds félags, sem hann hefði veitt móttöku, og hafa þessar skilagreininir, sem hinn stefndi ekki hefir viljað viðurkenna að fullnægðu dóminum, verði lagðar fram fyrir fógetaréttinum. Að því er snertir reikningsskil áfryjandans fyrir fé því, sem hann hefir veitt móttöku fyrir hönd Þjóðvinafélagsins á áður greindu 2 ára tímabili, þá bera skjöl málsins með sér, að áfryjandinn þegar í ágústmánuði 1879 hefir afhent forseta nefnds félags »uppteiknun« yfir fé það, sem hann hefði tekið við á oft nefndu tímabili, eins og hann líka í septembermán s. á. hefir afhent félagsstjórninni sparisjóðsbók, félaginu tilheyrandi, hljóðandi upp á 600 kr., en með því að félagsstjórnin ekki vildi taka þessa uppteiknun gilda sem reikningsskil, höfðaði hún mál það móti áfryjandanum, sem áður er um getið. Meðan á máli þessu stóð fyrir undirréttinum sendi áfryjandinn félagsstjórninni aftur eftirrit eftir áminstri uppteiknun, en hinn stefndi hélt alt um það málinu áfram, og var áfryjandinn, eins og fyr segir, dæmdur til að gjöra félagsstjórninni full skil fyrir fé því og bókum, sem hann hefði

veitt móttöku fyrir félagið. Skilagrein sú, sem áfrýjandinn síðan hefir látið notarialiter afhenda hinum stefnda til þess að fullnægja oft nefndum dómi, er fólgin í svo nefndum reikningsskilum, þar sem tekjur og gjöld eru tilfærð hver um sig með einni upphæð án allrar sundurliðunar, og með skírskotun til tveggja fylgiskjala; en fylgiskjöl þau, sem skírskotað er til, eru aftur eftirrit eftir hinni sömu uppteiknun, sem áfrýjandinn hafði afhent forseta Þjóðvinafélagsins sumarið 1879, og aftur sent félagsstjórninni eftirrit af vorið 1880. Auk þess sem þessi nýju reikningsskil þannig ekki eru annað en eftirrit eftir hinum fyrri reikningsskilum, sem stjórn Þjóðvinafélagsins var búin að fá í hendur áður en hún höfðaði mál á móti áfrýjandanum og fekk hann dæmdan til að gjöra full reikningsskil, þannig fær yfirdómurinn ekki séð að þau, einkum þar sem um skil fyrir opinberu fé er að ræða, verði skoðuð sem formleg, og því síður sem full reikningsskil, því að þeim fylgja engin skilríki, hvorki nein kvittun fyrir fé því (1591 kr. 16 a.) sem áfrýjandinn segist hafa goldið út, né nein skírteini viðvíkjandi fé því (2169 kr. 17 a.), sem hann segist hafa tekið á móti, svo að eigi er auðið að rannsaka, hvort hinar ýmsu upphæðir, sem uppteiknanirnar ná yfir, eru rétt til færðar, né einu sinni verður séð um sumar þeirra, hvorki hver hafi goldið félaginu þær, né í hvaða skyni þær séu goldnar. Þegar þar næst kemur til þeirrar skilagreinar, sem áfrýjandinn hefir verið dæmdur til að gera fyrir bókum, er hann hafi tekið fyrir Þjóðvinafélagið, þá er skilagrein hans í því fólgin, að hann ekki hafi tekið við neinum bókum, né heldur afhent neinar; að vísu getur hann þess, að meðan hann var í forstöðunefnd félagsins, hafi bækur félaginu tilheyrandi jafnaðarlega gengið fram og aftur milli

sín og hinna stjórnenda félagsins, og slíkar bækur stundum verið afhentar í húsi því, þar sem hann bjó, en eins og hann ekki hafi veitt slíkum bókum formlega viðtöku, þannig viti hann ekki til, að nein slík bók sé enn í sínum vörzlum.

Með því nú að áfrýjandanum í oft nefndum landsyfirréttardómi er gjört að skyldu að gjöra grein fyrir þeim bókum Þjóðvinafélagsins, sem hann hafi tekið við meðan hann var í forstöðunefnd þess, og uppteiknanir hans bera með sér, að hann hefir keypt handa félaginu 360 landabréf með skýringum við þau og borgað fyrir Andvara og Mannkynssögu yfir 900 kr. og að hann enn fremur hefir selt almanök fyrir félagið, þá getur slík skilagrein ekki með neinu móti álitist fullnægjandi.

Það yfirdómurinn þannig ekki fær séð, að áfrýjandinn hafi verið búinn að fullnægja landsyfirréttardómi 19. júlímán. f. á. áður fjárnáms var beiðst eftir honum og hin áfrýjaða fjárnámsgjörð einnig að öðru leyti virðist vera lögum samkvæm, en í því efni skal sérstaklega tekið fram, að tilskipun fyrir Danmörku 6. apríl 1842 ekki er leidd í lög hér á landi, ber að staðfesta fjárnámsgjörðina, og ber áfrýjandanum þá einnig eftir þessum úrslitum málsins að endurgjalda hinum stefnda málskostnað fyrir yfirdóminum, sem virðist hæfilega metinn 15 krónur.

Því dæmist rétt vera:

Hin áfrýjaða fjárnámsgjörð á öröskuð að standa.

Áfrýjandanum, Jóni landritara Jónssyni, ber innan 8 vikna frá dóms þessa löglegri birtingu að greiða hinum stefnda, Dr. Grími Thomsen, 15 kr. málskostnað fyrir yfirdómi.